

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023	
Sveitarfélag:	Sveitarfélagið Skagaströnd
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Tillagan varðar Sveitarfélagið Skagaströnd
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Fundur sveitarstjórnar var þann 11. janúar 2023
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	<p>Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 verði fellt út úr reglum er varða úthlutun til Sveitarfélagsins Skagastrandar: <i>Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.</i></p> <p>1. gr. reglugerðar hljóði þá svo:</p> <p>Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. <i>Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.</i> b. <i>Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022.</i> c. <i>Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.</i>
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	<p>Ákvarðanir um ráðstöfun byggðakvóta hafa verulega þýðingu fyrir atvinnu og atvinnurekstur þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hljóta úthlutun og gegnir byggðakvóti eðli máls samkvæmt veigamiklu hlutverki fyrir sjávarbyggðir landsins. Markmið þess að úthluta sérstökum byggðakvóta er að efla og styrkja viðkomandi byggðir sem hljóta úthlutun. Sveitarstjórn telur því eðlilegt að binda úthlutanir við skip sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu eins og fordæmi eru fyrir til þess að styðja við útgerðir þeirra aðila sem búa eða reka fyrirtæki á Skagaströnd.</p>
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarinu. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.</p> <p>Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2022 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (40 tonnum) verði úthlutuðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarinu verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.</p> <p>Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 35 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr.</p>

	<p>almennur flokkur og vegna báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.</p>
<p>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</p>	<p>Sveitarstjórn telur rétt að veita hluta byggðakvóta til þeirra sem hafa þurft að hætta innfjarðarrækjuveiðum sem lögðust af um 2000. Í ljósi þeirra forsendna sem úthlutun byggðakvóta til Skagastrandar byggir á eru jafnframt forsendur til að hluti byggðakvóta verði veittur þeim sem þær veiðar stunduðu og enn gera út frá Skagaströnd.</p> <p>Með tilliti til þess að sá hluti byggðakvótans sem tengist rækjuveiðum getur ekki tengst með beinum hætti löndun afla síðustu 12 mánuði er lagt til að miða hvorki við aflahlutdeild eða landaðan afla heldur verði kvótanum skipt jafnt milli þeirra báta sem falla undir þá reglu. Á hinn bóginn telur sveitarstjórn rétt að um þann hluta byggðakvótans sem úthlutað verði samkvæmt almennri reglu verði viðmið reglugerðarinnar notað og kvóta skipt hlutfallslega eftir lönduðum afla á Skagaströnd á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022, að teknu tilliti til hámarksúthlutunar á hvern bát.</p>
<p>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</p>	
<p>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</p>	<p>Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.</p> <p>Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.</p>
<p>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</p>	<p>Forsendur þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á staðnum sem getur tekið við þeim fiski sem útgerðir á Skagaströnd veiða. Ekki hefur náðst samkomulag við fiskvinnslufyrirtæki um uppsetningu vinnslu á Skagaströnd þrátt fyrir umleitanir og viðræður þar um.</p> <p>Umræddar útgerðir geta því ekki orðið hæfar til að fá úthlutaðan byggðakvóta nema vinnsluskyldunni verði aflétt. Engu að síður er skýrt að löndun aflans er bundin við byggðarlagið og er það skilyrði ófrávikjanlegt.</p>

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 11. janúar 2023

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri



Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Skagaströnd, 12. janúar 2023

Efni: Sérstök skilyrði sveitarfélagsins Skagastrandar um úthlutun byggðakvóta

Í 5. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. sama ákvæðis til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Samkvæmt ákvæðinu skulu skilyrðin m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Þá segir m.a. í ákvæðinu að ráðherra geti heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett séu:

„...sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.“

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar sl. að leggja fram tillögu að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun aflaheimilda í byggðarlaginu og óskar eftir því við háttvirtan matvælaráðherra að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett fyrir sveitarfélagið:

Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.):

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 verði fellt út úr reglum er varðar úthlutun til Sveitarfélagsins Skagastrandar: *Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.*

1. gr. reglugerðar hljóði þá svo:

Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:


- a. *Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.*
- b. *Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022.*
- c. *Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.*

Rökstuðningur sveitarstjórnar

Ráðstöfun byggðarkvóta hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu og atvinnurekstur þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hljóta úthlutun. Markmið með úthlutun á sérstökum byggðakvóta er að efla og styrkja viðkomandi byggðir og eru tillögur sveitarstjórnar grundvallaðar á því markmiði.

Sveitarstjórn hefur talað fyrir því síðustu ár að eðlilegt sé að binda úthlutanir við skip sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu, eins og fordæmi eru fyrir, til þess að styðja við útgerðir þeirra aðila sem búa eða reka fyrirtæki á Skagaströnd. Ítrekað hefur verið óskað eftir því við ráðherra að binda úthlutanir í byggðalaginu við fiskiskip sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu án þess að tillaga sveitarstjórnar hafi náð fram að ganga.

Áhrif þess að sérreglurnar verði ekki í samræmi við vilja sveitarfélagsins verða að líkindum þau að smábátaeigendur með lögheimili á Skagaströnd sem skila verðmætum inn í hagkerfi samfélagsins geta hlotið talsvert lægri úthlutun en efni standa til. Það þýðir að stór hluti þeirra fjárhagslegu verðmæta sem byggðakvótinn skapar er fluttur frá staðnum í krafti útgerða sem ekki hafa heimilisfesti í sveitarfélaginu og rekstrarforsendur smærri útgerða heimamanna verða viðkvæmari fyrir vikið. Það er eðli máls samkvæmt breytilegt á milli ára hverjir eiga rétt á úthlutun og að sama skapi breytilegt hverjir sækjast eftir úthlutun hverju sinni. Eins og sjá má á neðangreindu grafi getur það hins vegar skapað verulegt ójafnvægi innan kerfisins ef að engar hömlur eru settar á byggðakvótaréttindin umfram almenn skilyrði reglugerðarinnar og úthlutanir ekki bundnar við lögheimilisfesti viðkomandi útgerða. Aðilar sem landa umfangsmiklum afla í sveitarfélaginu, og eiga þar af leiðandi ríkari réttindi til úthlutunar, gætu fengið í sinn hlut bróðurpart af þeim byggðakvóta sem hefur verið úthlutað til byggðalagsins og lítið staðið eftir til skiptanna fyrir heimamenn í umsvifaminni en engu að síður samfélagslega mikilvægri útgerð.



Ofangreindu til viðbótar má segja að reglur um úthlutun byggðakvóta á Skagaströnd hafi um langa hríð ekki náð að verja hagsmuni þeirra sem sannarlega búa í sveitarfélaginu. Kerfið í heild sinni er það opið að útgerðaraðilar hafa með einföldum hætti getað fært heimahöfn skipa sinna til Skagastrandar til þess að komast í þessi takmörkuðu gæði. Ekkert regluverk takmarkar rétt eigenda skipa til þess að skrá heimahöfn þar sem þeim hentar *jafnvel þó að viðkomandi skip landi aldrei í þeirri höfn sem heimahöfn þess er skráð*. Togarinn Arnar HU 1 (2265) er skýrt dæmi um þetta. Skipið er með heimahöfn á Skagaströnd þó svo að síðasta löndun þess í sveitarfélaginu hafi verið þann 11. júlí 2018. Á því skipi er vistað umtalsvert magn veiðiheimilda sem getur í raun haft áhrif á úthlutun byggðakvóta til Sveitarfélagsins Skagastrandar ef auknar heimildir eru vistaðar á skipinu um kvótaáramót.

Ein birtingarmynd þess hversu opnar reglurnar eru í kringum byggðakvótann má sjá á fjölda þeirra báta sem fá úthlutuðum byggðakvóta á Skagaströnd. Hvergi á landinu eru fleiri bátar sem njóta góðs af þessum takmörkuðu gæðum. Á kvótaárinu 21/22 lönduðu 68 bátar 4.574.519 kg af óslægðum afla á Skagastrandarhöfn og tæplega 40% þeirra hafa haft rétt til þess að sækjast eftir byggðakvóta. Ekkert er því til fyrirstöðu fyrir þá báta sem eftir standa að skrá heimahöfn á Skagaströnd og uppfylla þar með öll skilyrði hvað úthlutun á byggðakvóta í byggðalaginu varðar. Fiskveiðiárið 2003/2004 voru fjórir bátar sem fengu úthlutuðum byggðakvóta á Skagaströnd til sambanburðar við 26 báta fiskveiðiárið 2021/2022.

Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða verða hin sérstöku skilyrði sem sveitarstjórnir leggja til að vera byggð á „...málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga“ og er það sannfæring sveitarstjórnar að lögheimilisskilyrðið standist þær kröfur þar sem úthlutun til heimamanna er í stærra mengi ein af lykilforsendum fyrir byggðafestu í sveitarfélaginu.

Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.):

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttts byggðakvóta frá síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2022 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (40 tonnum) verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttts byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 35 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. almennur flokkur og vegna báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.

Rökstuðningur sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn telur rétt að veita hluta byggðakvóta til þeirra sem hafa þurft að hætta innfjarðarrækjuveiðum sem lögðust af um 2000. Í ljósi þeirra forsendna sem úthlutun byggðakvóta til Skagastrandar byggir á eru jafnframt forsendur til að hluti byggðakvóta verði veittur þeim sem þær veiðar stunduðu og enn gera út frá Skagaströnd.

Með tilliti til þess að sá hluti byggðakvótans sem tengist rækjuveiðum getur ekki tengst með beinum hætti löndun afla síðustu 12 mánuði er lagt til að miða hvorki við aflahlutdeild eða landaðan afla heldur verði kvótanum skipt jafnt milli þeirra báta sem falla undir þá reglu. Á hinn bóginn telur sveitarstjórn rétt að um þann hluta byggðakvótans sem úthlutað verði samkvæmt almennri reglu verði viðmið reglugerðarinnar notað og kvóta skipt hlutfallslega eftir lönduðum afla á Skagaströnd á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022, að teknu tilliti til hámarksúthlutunar á hvern bát.

Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

Rökstuðningur sveitarstjórnar:

Forsendur þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á staðnum sem getur tekið við þeim fiski sem útgerðir á Skagaströnd veiða. Ekki hefur náðst samkomulag við fiskvinnslufyrirtæki um uppsetningu vinnslu á Skagaströnd, Fiskmarkaður Íslands rekur öflugan fiskmarkað á staðnum og er öllum afla landað beint á markað.

Umræddar útgerðir geta því ekki orðið hæfar til að fá úthlutaðan byggðakvóta nema vinnsluskyldunni verði aflétt. Engu að síður er skýrt að löndun aflans er bundin við byggðarlagið og er það skilyrði ófrávíkjanlegt með öllu.

Virðingarfyllst f.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar



Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri